

Kirkjuþing 2018

7. mál – þskj. 7

TILLAGA

að starfsreglum um breyting á starfsreglum um
skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007
(Lagt fyrir 57. kirkjuþing 2018)

Flutt af biskupi Íslands
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:
Hólmavíkur- og Reykhólaprestaköll, Vestfjarðaprófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall,
Breiðafjarðar- og Strandaprestakall.

2. gr.

Sameining þessi öðlist gildi þann 1. júní 2019.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og
starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð

Tillaga þessi er flutt ásamt fimm öðrum tillögum á kirkjuþingi 2018 um sameiningu
prestakalla víða á landinu.

Reykhólaprestakall er laust. Verði tillaga þessi samþykkt er gert ráð fyrir að sameinuðu
prestakalli verði þjónað af sóknarpresti og einum presti.

Sami fjöldi presta verði því á svæðinu eins og nú er, eftir sameiningu, verði tillagan
samþykkt.

Ekki er gert ráð fyrir sameiningu sókna í framangreindum prestaköllum, enda almennt litið
svo á að frumkvæði að því komi frá sóknarmönnum. Engin breyting er lögð til hvað varðar
prestssetur prestakallanna og haldast þau því óbreytt á Reykhólum og á Hólmavík.

Samkvæmt 3. gr. starfsreglna um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 skal gefa
safnaðarfundum (þarf ekki að vera aðalsafnaðarfundur) og héraðsfundi kost á að veita umsögn
um framangreinda tillögu. Umsagnir skulu sendar biskupafundi sem fer yfir þær og býr síðan
málið til kirkjuþings. Í samræmi við þetta var sóknarnefndum, sóknarprestum og prestum
ásamt héraðsnefnd Vestfjarðaprófastsdæmis send til umsagnar tillaga þessi með bréfi, dags.
20. júlí 2018.

Tillögugerð þessi er hluti af stefnu biskupafundar um nýskipan prestakalla á landsvísu sem
unnið hefur verið að. Felst í þeirri stefnu að horfið verði frá einmenningsprestaköllum, þar
sem því verður við komið. Í hverju prestakalli verði sóknarprestur og prestur að lágmarki og
fleiri prestar ef þurfa þykir vegna mannfjölda eða aðstæðna. Stefna þessi er í samræmi við
þróun mála undanfarin ár. Má t.d. nefna í því sambandi að fjögur prestaköll á Austurlandi

hafa á undanförunum árum verið sameinuð í eitt Egilsstaðaprestakall, þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna kallinu, Möðruvalla- og Dalvíkurprestaköll á Norðurlandi hafa verið sameinuð í eitt prestakall, Dalvíkurprestakall, þar sem sóknarprestur og prestur þjóna kallinu og Fellaprestakall og Hólaprestakall í Reykjavík sömuleiðis sameinuð í eitt prestakall Fella- og Hólaprestakall þar sem sóknarprestur og prestur þjóna kallinu.

Íbúafjöldi sókna Hólmavíkurprestakalls var þann 1. janúar 2018, sem hér segir:

Árnessókn 41

Drangsnessókn 91

Hólmavíkursókn 338

Kaldrananessókn 18

Kollafjarðarnessókn 80

Melgraseyrarsókn 6

Nauteyrarsókn 3

Óspakseyrarsókn 22

Samtals 599

Íbúafjöldi sókna Reykhólaprestakalls var þann 1. janúar 2018 sem hér segir:

Flateyjarsókn á Breiðafirði 8

Garpsdalssókn 46

Gufudals- og Reykhólasókn 223

Skarðssókn á Skarðsströnd 28

Staðarhólssókn 62

Samtals 367

Íbúafjöldi samtals í Breiðafjarðar- og Strandaprestakalli 966

Ekki er gert ráð fyrir kostnaði við samþykkt tillögu þessarar.

Fylgiskjöl með tillögu þessari eru:

1. Greinargerð; “**Nýskipan prestakalla**“. Skjalið er birt í 5. máli kirkjuþings 2018
2. Yfirlit yfir laun í sameinuðum prestaköllum. Skjalið er birt í 5. máli kirkjuþings 2018
3. Umsögn héraðsfundar Vestfjarðaprófastsdæmis vestra, dags. 2. september 2018.

